

Íslenskur iðnaður

SI

1. tbl. 13. árg.

Fréttablað Samtaka iðnaðarins

Janúar 2007

Framtíðin er í okkar höndum

SI

Dagskrá helstu viðburða og verkefna er tengjast málefnum sprota- og hátækni-fyrirtækja í febrúar og mars



Sprota- og hátækniblað

SI og Morgunblaðsins

Vaxtarsprotinn 2007

Sprotafyrirtækjum veitt viðurkennig fyrir árangur síðasta árs

Sprotatorg

Kynningarsvæði SI og SSP á Tækni og vit

01 02 03 04 05 06 07 08 09 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 01 02 03 04 05 06 07 08 09 10 11 12 13 14 15 16 17
FEB MARS

Sprotatöng

Staða og starfsskilyrði sprota- og hátækni-fyrirtækja í brennidepli

Menntadagur iðnaðarins

Um aðkomu atvinnulífs að rekstri skóla á framhalds- og háskólastigi

Útboðsþing II á sviði upplýsinga- og heilbrigðistækni

Samstarfsvettvangur um opinber innkaup, umfang upplýsingatækni hjá hinu opinbera, útivistunarskemur ríkisins og útboðskynningar

Samskipti frumkvöðla og fjárfesta

Ráðstefna SI í tengslum við Tækni og vit

Iðnþing

Aðalfundur SI og Iðnþing undir yfirskriftinni: Farsæld til framtíðar

Þriðja stoðin í íslensku atvinnulífi

Samtök upplýsinga-tækni-fyrirtækja á Tækni og vit

bls. 2



Bjartsýni í byrjun árs

bls. 3



Iðnþing 16. mars 2007 á Grand hóteli

bls. 5-7



Sprotatöng 2007 í sýningarhöllinni í Laugardal

bls. 8-9



Breytingar á skattlagningu matvæla

bls. 14



Markviss nýting þekkingar-verðmæta



Bjartsýni í byrjun árs



Helgi Magnússon

formaður Samtaka iðnaðarins

fólks af öllu EES-svæðinu, sem tók gildi 1. maí 2006, gerbreytti ástandinu á íslenskum vinnumarkaði. Það er algerlega óhugsandi að við hefðum komist klakklaut gegnum þetta þensluskeið án innfluttra starfsmanna sem að auki hafa lagt drjúgan skerf til íslenska hagkerfisins að undanfögnu. Vinnufríður var einnig tryggður með endurskoðun og framlengingu kjarasamninga. Þar var mikilvægt skref sem ekki má gleymast.

Stýrivextir bíta ekki sem fyrr

Þessi mikla bjartsýni stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins endurspeglar einnig þá miklu breytingu sem orðið hefur á íslenskum fyrirtækjum. Hnattvæðingin veldur því að þau fyrirtæki finna minna en ella fyrir háu vaxtastigi hér á landi, því að meirihluti þeirra fær tekjur erlendis frá og flest þeirra eru að mestu fjármöggnuð með erlendu lánsfé. Þau finna því lítið fyrir svimandi stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Þessi staða leiðir hugann óeitanlega að því hvort ósamhverf hagsveifla á Íslandi, t.d. í samanburði við önnur Evrópulönd, heyrir senn sögunni til. Hagsveiflur á Íslandi ráðast ekki lengur af aflabrogðum eða verði á fiskmarkaði.

Efnahagslífið er viðkvæmt

Á síðasta ári urðu miklar sviptingar í gengi krónunnar og verði hlutabréfa. Íslenska hagkerfið er agnarsmátt með viðkvæma og sveiflukennnda mynt. Erlendis er gjarna talað um Íslendingana eins og eitt fyrirtæki eða eina fjölskyldu. Það sýndi sig greinilega að óvæginn gagnrýni á íslensku bankana setti gengi krónunnar og hlutabréfamarkaðinn á annan endann. Vonandi hafa menn lært af reynslunni þannig að minni líkur séu nú á slíku upphlaupi. Hins vegar er ljóst að djörf útrás íslenskra fyrirtækja og mikil skuldsetning fyrirtækja og heimila gera íslenskt efnahagslíf viðkvæmt fyrir áföllum. Þá hafa erlendir fjárfestar gefið út svokölluð krónubréf fyrir áður óþekktar fjárhæðir og ákvörðun þeirra um kaup eða sölu slíkra bréfa geta haft áhrif sem við höfum ekki áður þurft að glíma við.

Farsæld til framtíðar

Það eru margar ástæður fyrir bjartsýninni en engu að síður þarf að fara varlega og koma meiri aga og jafnvægi á efnahagslífið, hvort sem við tökum upp evru sem gjaldmiðil eða notum krónuna áfram enn um sinn. Hagvöxtur undanfarinna ára byggist óþægilega mikið á einkaneyslu og skuldsetningu. Vonandi tekst að skjóta fleiri og styrkari stöðum undir hagvöxt komandi ára. Það er okkar besta og eina trygging fyrir hagvexti og hagsæld til framtíðar.

Samtök atvinnulífsins og Seðlabanki Íslands birtu í lok desember sl. niðurstöður reglubundinnar könnunar Capacent Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins á stöðu og framtíðarhorfum. Tæplega þrjú fjórðu stjórnenda telja að núverandi aðstæður í efnahagslífinu séu góðar og hafa sjaldan verið bjartsýnni. Greiningardeildir bankanna og fjármálaráðuneytið hafa kynnt mat sitt á stöðu og horfum og þar er allt á sömu bókinu lært – það er bjart framundan. Enginn talar lengur um harða lendingu hagkerfisins á árinu 2007 heldur um aðlögun eða jafnvel bara dýfu.

Fyrir hálfu ári voru menn ekki eins bjartsýnir og sumir spáðu verri tíð en þær raddir eru að mestu þagnaðar, a.m.k. í bili. Ekki er auðvelt að gefa einhlítar skýringar á þessu. Fyrirfram hefði mátt ætla að 14,25% stýrivextir, 7% verðbólga og verulegar sveiflur í gengi krónunnar gefi ekki tilefni til þess að meta efnahagsástand og horfur mjög góðar.

Áhyggjulaus eyðslukló

Flestir eru nú sammála um að þensluáhrif vegna stóriðju- og virkjanaf framkvæmda hafi fyrirfram verið ofmetin en mikil einkaneysla og breytingar á húsnæðislánakerfinu hafi valdið mestu um þenslu í hagkerfinu undanfarin ár. Mikill viðskiptahalli fjármagnaður með erlendum lánum ætti að vera áhyggjuefni en forstjórar stærstu fyrirtækja landsins virðast áhyggjulausir og sama er að segja um almenning. Íslenska eyðsluklóin horfir áhyggjulaus fram á nýja árið. Ekki er hægt að draga aðra ályktun en að Íslendingar séu ónæmir fyrir háum vöxtum og verðlagi.

Útlendingar til bjargar

Margt stuðlar raunar að því að áhrif þessara miklu framkvæmda og neyslu á síðasta ári eru þó ekki verri en raun ber vitni. Það er alveg ljóst að afnám hindrana á frjálsi för launa-

Nýir félagsmenn

Matvælakassar ehf.
Kringlan 7
103 Reykjavík
Sprotafyrirtæki

Velverk ehf.
Brúarhrauni
Borgarbyggð
311 Borgarnes
Félag vinnuvéla-
eigenda

Stafnafell ehf.
Kálfárvöllum
365 Snæfellsbær
Félag vinnuvéla-
eigenda

Aðalsmiði ehf.
Reyrengrí 10
112 Reykjavík
Mannvirkja- og verk-
takastarfsemi

IÐNÞING 2007

**verður haldið föstudaginn 16. mars
á Grand hótél**

KOSNINGAR

Í tengslum við Iðnþing fer að venju fram kosning til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður er Helgi Magnússon og gefur hann kost á sér til endurkjörs.

Að þessu sinni ganga fjórir úr stjórn, þau Hörður Arnarson, Marel hf., Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári ehf., Loftur Árnason, Ístaki hf., og Sigurður Bragi Guðmundsson, Plastprenti hf./Sigurplasti. Aðalheiður, Loftur, og Sigurður Bragi gefa öll kost á sér til endurkjörs. Hörður hefur setið sex ár samfleytt í stjórninni og er því ekki lengur kjörgengur, samkvæmt lögum SI.

Þeir sex, sem næst eru því að ná kjöri í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI. Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 29. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist eigi síðar en 12. febrúar nk. til skrifstofu Samtaka iðnaðarins.

AÐALFUNDUR

Hefðbundin aðalfundarstörf fara fram fyrir hádegi. Að þeim loknum er hádegisverður.

Ákveðið hefur verið að yfirskrift Iðnþings að þessu sinni verði:

Farsæld til framtíðar

Dagskráin er að öðru leyti í undirbúningi og verður kynnt um leið og hún er frágengin.

ÁRSHÓF

Árshóf Samtakanna verður að venju haldið að kvöldi Iðnþingsdags í vísulsalnum Lídó í Húsi iðnaðarins að Hallveigarstíg 1 og hefst kl. 19:30. Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna til Iðnþings og árshófs.

Nánari upplýsingar um Iðnþing, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna www.si.is




Fréttablað Samtaka iðnaðarins
01. tbl. 13. árg. Janúar 2007
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðu: 22.01.2007
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán
Hönnun forsíðu: Brynjar Ragnarsson

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101 - Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

Prentstaður íslenskra bóka


Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka sem birtust í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2006. Heildarfjöldi bókaitla er 650 í bókatiðindunum í ár en var 608 árið 2005 og 651 árið 2004.

Könnunin sýnir að hlutfall prentunar innanlands dregst verulega saman frá fyrra ári. Aðeins 54,2% titla eru prentuð á Íslandi en það hlutfall var 59,7% í fyrra. Samkvæmt könnuninni, sem gerð hefur verið með samræmdum hætti frá


	Fjöldi titla	%
Ísland	352	54,2
Kína	82	12,6
Finnland	61	9,4
Danmörk	52	8,0
Slóvenía	34	5,2
Svíþjóð	17	2,6
Hong Kong	11	1,7
Singapore	11	1,7
Spánn	7	1,1
Önnur lönd	23	3,5
Samtals	650	100%



Prentun íslenskra bóka 1998-2006



Hlutfall prentunar íslenskra bóka 1998-2006



árinu 1998, hefur hlutfall prentunar erlendis aldrei verið jafn hátt eða 45,8%.

Skóðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Eftirfarandi niðurstöður eru úr þeim samanburði:

- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 201; 52 (25,9%) prentaðar á Íslandi og 149 (74,1%) prentaðar erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd og ljóð, eru

164; 106 (64,6%) prentaðar á Íslandi og 58 (35,4%) prentaðar erlendis.

- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 171; 112 (65,5%) eru a, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 114; 82 (72%) prentaðar á Íslandi og 32 (28%) prentaðar erlendis.

Meðfylgandi listi sýnir fjölda prentaðra bóka (í Bókatiðindum) í hverju landi og hlutfall af heild:

Frekari upplýsingar veita, þorgerður Sigurðardóttir, thorgerdur@penninn.is formaður Bókasambands Íslands og Georg Páll Skúlason, Félagi bókagerðar-manna georg@fbm.is sími 552 8755.

Haraldur Dean Nelson

Íslenska á vinnustað - já takk

Aðildarfyrirtæki SI eru hvött til að bjóða erlendu starfsfólki kennslu í íslensku. Fyrirtækin geta, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, sótt um styrk til kennslunnar hjá menntamálaráðuneytinu. **Umsóknarfrestur rennur út 2. febrúar næstkomandi. Sjá nánar á www.mrn.is**

Styrkir til íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk byggjast á samþykktíkissjórnarinnafrá 10. nóv. sl. Verkefnið er í umsjón menntamálaráðuneytisins og til þess verður varið 100 millj. kr. á þessu ári.

SI

Samtök iðnaðarins



Framtíðin er í okkar höndum

SI

SPROTAPING 2007

fer fram í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal
föstudaginn 2. febrúar frá 12:30 til 17:15



Á dagskrá þingsins:

Staða og starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja

Nánari upplýsingar og skráning á:

www.si.is

Niðurstöður Sprotapings 2007 verða kynntar í sérstöku sprota- og hátækniblaði SI sem Morgunblaðið mun gefa út 9. febrúar næstkomandi. Málafni þingsins tengjast stefnu SI og verkefnum undir yfirskriftinni "Framtíðin er í okkar höndum", Sprotavettvangi og tilboði UT-fyrirtækja um "Þriðju stoðina" í íslensku atvinnulífi sem kynnt verða ítarlega á fagsýningu tækni- og þekkingariðnaðarins; Tækni og vit 2007. Sjá nánar stefnu SI og verkefni á www.si.is.

Samstarfsaðilar um Sprotaping 2007:



Sjálfstæðis-
flokkurinn



Framsóknar-
flokkurinn



Samfylkingin



Vinstrihreyfingin
- grænt framboð



Frjálslyndi
flokkurinn



Iðnaðar- og
viðskiptaráðuneyti



Rannsóknamiðstöð
Íslands



Nýsköpunarsjóður
atvinnulífsins



Samtök
atvinnulífsins



Iðntæknistofnun
Íslands



Útflutningsráð
Íslands



Menntamála-
ráðuneyti



Háskólinn
í Reykjavík



Háskóli
Íslands



Marel, Össur, TM
Software, CCP o.fl.



Samtök
iðnaðarins



Samtök sprota-
fyrirtækja



Samtök upplýsinga-
tæknifyrirtækja



Samtök íslenskra
líftæknifyrirtækja

Prautseigir sprotar

Segja má að árið 2007 marki tímamót í því hvort takist að laga starfsumhverfi sprotafyrirtækja svo að einhverju gagni komi. Miklar vonir eru bundnar við fyrirhugað Sprotaping 2. febrúar nk. Í úttekt á starfsumhverfi sprotafyrirtækja sem Samtök iðnaðarins, og Samtök sprotafyrirtækja stóðu að í samstarfi við Háskólann í Reykjavík kom fram að verulegur markaðsbrestur í fjármögnun fyrirtækjanna um þessar mundir.

Aukinnar óþolinmæði gæti hjá fjárfestum og fjármögnunaraðilum og þrátt fyrir veruleg fjárframlög ríkisins til rannsóknar og þróunarmála skilar aðeins lítið brot af þessum fjármunum sér til uppbyggingar sprotafyrirtækja. Sagt er meira frá niðurstöðum þessarar úttektar í grein nemandanna Himars Björns Harðarson og Pálma Blængssonar annars staðar í blaðinu.

Þrátt fyrir þessar aðstæður berjast frumkvöðlarnir ótrauðir áfram og horfa bjartsýnir fram á veginn. Samtök iðnaðarins leituðu til stjórnarmanna í Samtökum sprotafyrirtækja og báðu þá að svara nokkrum spurningum um uppbyggingarstarf fyrirtækja sinna og horfur á næsta ári, hvað mætti helst bæta í starfsumhverfinu og hvernig samtökin gætu best komið að gagni í því sambandi.

Hér eru svör þriggja stjórnarmanna í Samtökum sprotafyrirtækja við þessum spurningum.



Jón Ágúst Þorsteinsson
framkvæmdastjóri
Marorku og
formaður SSP

Síðasta ár var Marorku erfitt eins og mörgum öðrum sprotafyrirtækjum, m.a. fyrir þær sakir

að í kjölfar slæmra fréttu um efnahagsmál á Íslandi og þá sérstaklega fjármál bankanna, þrengdist mjög um alla lána-fyrirgreiðslu til félagsins. Þetta knúði okkur út í hlutafjárukningu fyrr áætlað var. Kostnaður vegna fjármögnunar félagsins varð því talsvert hærrí en gert var ráð fyrir bæði vegna hárra vaxta, verðbóta og veikingu krónunnar.

Tekjur hækkuðu þó á móti.

Uppbyggingar- og þróunarstarf gekk að öðru leyti eftir áætlunum svo að fyrirtækið er komið með mjög vel skilgreinda vöru og öflugt sölunet. Áætlanir fyrir 2006 gengu eftir og fyrirtækið byrjar vel á nýju ári og þar sem það hefur fengið mjög mikilvægar og stórar pantanir. Almenn séð er mjög gott útlit fyrir þetta ár. Það er samt ennþá áhyggjuefni hve erfitt er að fjármagna fyrirtækið. Lítið aðgengi að fjármagni dregur úr þrótti fyrirtækisins og getu til að sækja fram í sölu- og markaðsstarfi.

Það sem er allra mikilvægast fyrir SI/SSP er að vinna að því að samlagssjóður komist í gang á árinu og lánasjóður sem getur veitt tryggingar gagnvart rekstrarlánnum sprotafyrirtækja. Við höfum notað TRÚ sem bakabyrgð gagnvart erlendum samningum sem við gerum og þannig hefur okkur tekist að selja samningana. Þetta er mjög gott fyrirkomulag en við þurfum að vinna að því að þessi starfsemi verði styrkt á þann hátt að fyrirtæki geti fengið bakabyrgð gagnvart hefðbundnum rekstrarlánnum. Nú er lag því að verið er að breyta fyrirkomulaginu á TRÚ, sem verið er að flytja frá Nýsköpunarsjóði að því er að mér skilst.



Svana Helen Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri
- CEO

Uppbyggingar- og þróunarstarf hefur gengið vel hjá okkur í Stika. Við

höfum ætíð lagt mikla áherslu á þróun og nýsköpun í okkar starfi og höfum hingað til látið allan hagnað renna beint í þróun og uppbyggingu fyrirtækisins. Velta fyrirtækisins jókst um 75% milli ára og á síðasta ári lögðum við mikla áherslu á að byggja upp viðskipti við útlönd. Það hefur mikil orka farið í það. Eins og menn vita er slíkt langhlaup en ekki spretthlaup og krefst þrautseigju og úthalds, bæði andlegs og fjárhagslegs.

Við horfum bjartsýn fram á næsta ár og höldum áfram að byggja upp starfsemi fyrirtækisins erlendis. Auk þess erum við sífellt að efla ráðgjöf okkar og þjónustu á heimamarkaði og bæta og auka vöruúrvalið.

Stíki keppir við mörg önnur upplýsingatæknifyrirtæki um mannauðinn. Okkur skortir sérfræðinga í upplýsingatækni, m.a. hugbúnaðarfolk og ráðgjafa og



sjáum ekki fram á annað en að þurfa að leita fanga erlendis. Við athugum nú möguleika á að færa a.m.k hluta af hugbúnaðarþróun fyrirtækisins til útlanda. Greinilega má einfalda og straumlínulaga allt styrkjakerfi hins opinbera fyrir nýsköpunarverkefni. Að sama skapi þarf hið opinbera að einkavæða meira af hugbúnaðarþróun sinni. Það er ótækt að hugbúnaðarfyrirtæki keppi við hugbúnaðardeildir opinberra fyrirtækja um verkefni. Hugsanlega mætti eitthvað rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í frumkvöðlafyrirtækjum. Vissulega þarf slíkt að vera háð reglum og áhættan má ekki verða of mikil.

Samtök iðnaðarins eru mikilvæg hagsmunasamtök fyrirtækja eins og Stika. Þangað höfum við sótt stuðning og þekkingu, t.d. á lögfræðilegum málum og ýmsum vinnu- og markaðsmálum. Á vettvangi SI höfum við komist í góð tengsl við önnur upplýsingafyrirtæki. Eftir að Samtök sprotafyrirtækja voru stofnuð höfum við tekið virkan þátt í starfsemi þeirra. Þar eigum við samleið með fyrirtækjum og frumkvöðlum sem efla vilja hátækni iðnað á Íslandi, stuðla að nýsköpun og stunda útflutning á íslensku hugviti og þekkingu. Á vettvangi Samtaka sprotafyrirtækja höfum við tekið þátt í mikilvægri umræðu um leiðir til að efla nýsköpun og ná árangri í útflutningi. Þar er vettvangur fyrir eigendur og stjórnendur sprotafyrirtækja til að hittast og bera saman bækur sínar. Samtökin sem slík geta hjálpað mikið með því að vera leiðandi/í fararbroddi í umræðu gagnvart samfélaginu í heild sinni og stjórnvöldum. Þar með auka þau einnig skilning hlutaðeigandi á mikilvægi nýsköpunar og þess að ólík fyrirtæki nái fótfestu í hagkerfinu sem síðar skili þjóðarþíni verðmætum í formi starfa, útflutningstekna og skatttekna.

Margt gott en brotakennt

- rannsókn HR og SI á stuðkerfi sprotafyrirtækja

Hilmar Björn Harðarson og Pálmi Blængsson, sem stunda nám á þriðja ári í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík, vinna nú að lokafrágangi skýrslu um viðamikla rannsókn á stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja. Verkefnisstjórn skipa fulltrúar Háskólans í Reykjavík, Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja en verkefnið var unnið sem sumarverkefni nemenda með tilstyrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Niðurstöður hafa að hluta verið kynntar fyrir aðilum stuðningsumhverfisins sem og þingflokki stjórnmálaflokka.

Rannsóknin var tvíþætt, annars vegar meðal forráðamanna allra íslenskra sprotafyrirtækja sem vitað er um og hins vegar meðal hugsanlegra fjárfesta sprotafyrirtækja.

Helstu markmið rannsóknarinnar:

- Kanna vitneskju, aðgengi og gagnsemi varðandi aðgerðir stuðningsumhverfisins (rúmlega 50 aðgerðir) í þeim tilgangi að efla enn frekar þann stuðning sem mestum skilar að mati fyrirtækjanna
- Kanna hvaða úrbætur á stuðningsumhverfinu forráðamenn íslenskra sprotafyrirtækja telja þörf fyrir
- Kanna hvort íslensk sprotafyrirtæki hafi fengið boð frá erlendum aðilum um að flytja starfsemi sína til annarra landa og hvort áhugi sé fyrir því að þiggja slík boð
- Fá fram viðhorf hugsanlegra fjárfesta í sprotafyrirtækjum til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum sem stuðlað gæti að markvissar í leiðum sprotafyrirtækja við að vekja áhuga hjá fjárfestingaaðilum – skoðist betur!!

Að sögn Hilmars Björns og Pálma hefur verið áhugavert að kynnast fjölbreyttri starfsemi sprotafyrirtækjanna enda eru í mörgum tilvikum kraftmiklir frumkvöðlar á ferð sem búa yfir mikilli þekkingu og eru jafnvel í fremstu röð í heiminum á sínum sviðum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

- Samþættingu innan stuðningsumhverfis íslenskra sprotafyrirtækja er ábótavant
- Aðgengi að stuðningsaðgerðum er í mörgum tilvikum brotakennt og ábótavant
- Skortur er á upplýsingum um hvaða

stuðningsaðgerðir standa sprotafyrirtækjum til boða


- Um fjórðungur íslenskra sprotafyrirtækja hefur fengið boð frá erlendum aðilum um að flytja starfsemi sína úr landi og stór hluti þeirra er að skoða þau boð nánar
- Skortur er á „þolinmóðu“ áhættufjár magni, þ.m.t. framtakssjóðum (e.venture capital), en bankar og lífeyrissjóðir myndu helst vilja koma að fjárfestingum í sprotafyrirtækjum gegnum slíka sjóði
- Algengt er að töluvert „bil“ sé milli viðhorfa fjárfesta og frumkvöðla

varðandi fjárfestingar og fjármögnun sprotafyrirtækja – vinna þarf að því að brúa það bil.

Niðurstöður kynntar á Sprotapiingi 2. febrúar nk.

Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja hafa frá því í haust unnið að undirbúningi Sprotapiings 2007 í samráði við þingflokka allra stjórnmálaflokka og nú liggur fyrir samþykki þeirra allra að koma að þessu þinghaldi 2. febrúar næstkomandi. Flokkunum hefur verið kynntur hluti af niðurstöðum rannsóknarinnar í fyrrnefndum undirbúningi.

Stuðkerfi sprotafyrirtækja og tegund þjónustu eftir úbreiðslu, aðgengi og gagnsemi



Breytingar á skattlagningu matvæla

Um þessar mundir er mikið rætt um hátt matvælaverð á Íslandi og sam- anburð við önnur lönd. Ýmsar skýringar eru nefndar og eiga eflaust allar sinn þátt í verðmuninum. Ríkisstjórnin hefur boðað lækkun á virðisaukaskatti allra matvæla niður í 7% og niðurfellingu vörugjalds af matvælum öðrum en sykri og sætindum frá 1. mars næstkomandi til að ná niður matvælaverði. Þetta er mjög jákvæð breyting og stórt skref í þá átt að draga úr mismunun milli vöruflokka. Mestu munar á verði matvæla, s.s. drykkjarvara, þar sem vörugjald fellur niður og virðisaukaskattur lækkar úr 24,5% í 7%. En með því að viðhalda vöru-

gjöldum á sykri og sætindum er vörugjaldskerfinu í raun haldið við með til- heyrandi skrifræði og kostnaði. Því hefði mátt hagræða mun meira í matvælaíðnaðinum í heild með því að fella vörugjaldskerfið alfarið út úr matvælageiranum.



Samkeppni á matvörumarkaði

Mikil samkeppni ríkir á matvörumarkaði og menn reyna í lengstu lög að komast hjá því að hækka vöruverð til að verða ekki undir í samkeppninni. Sumar smásölukeðjur hafa jafnvel gengið svo langt að krefjast þess að birgjar þeirra hækki ekki verð á næstu mánuðum svo ekki þurfi að hækka verð í verslunum. Þetta er auðvitað algerlega óraunhæf krafa þar sem verðstöðvun gerir ekki annað en að fresta vandanum. Matvælaframleiðendur hafa lagt kapp á að hagræða í rekstri til að komast hjá verðhækkunum en ýmsir utanaðkomandi þættir, s.s. hækkun á aðföngum, launum og þjónustu, auk óstöðugs gengis, hafa orðið til þess að ýmsir hafa neyðst til að hækka verð.

Samtök iðnaðarins leituðu til nokkurra fyrirtækja í matvælaíðnaði og báðu þau að fjalla í stuttu máli um hvernig væntanlegar breytingar á skattlagningu horfa við þeim.

Ævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Freyju ehf.

Við teljum þessar breytingar mikilvægt skref í rétta átt en hefðum þó viljað sjá gengið lengra. Til dæmis fellur vörugjald ekki niður af framleiðsluvörum Freyju og sú breyting hefur því ekki áhrif á verð okkar vara. Einnig hefðum við viljað sjá horfið frá þeim höftum sem nú koma í veg fyrir innflutning landbúnaðarvara. Samkeppnis- og innflutningshömlur í landbúnaði bitna illilega á Freyju en landbúnaðarafurðir eru mikilvægustu hráefni í sælgætisframleiðslu. Dæmi um þetta er mjólkurduft en algengasta súkkulaðiteg-

und Freyju inniheldur 25% mjólkurduft. Tollar á því gera það að verkum að fyrirtækið þarf að greiða meira en tvöfalt hærra verð fyrir mjólkurduftið en ella ef verndartollanna nyti ekki við.

Í tengslum við lækkun virðisaukaskatts og vörugjalda hafa framleiðendur og seljendur dagvöru mátt sitja undir miklum þrýstingi í þá átt að hækka ekki verð á vörum sínum þrátt fyrir að veruleg verðbólga hafi ríkt hérlendis að undanförunu, launaskrið hafi verið talsvert, skattar og gjöld sveitarfélaga hafi hækkað og vextir hér séu með því allra hæsta sem gerist og þýðir auðvitað margfaldan fjármagnskostnað miðað við það sem hann þyrfti að vera. Skattalækkunar ríkisstjórnarinnar koma ekki í veg fyrir þetta en leiða vonandi til þess að verðhækkunar bitni síður á neytendum en þær hefðu annars gert.

Tveir þættir hafa mest áhrif á verðmyndun iðnaðarvöru en það eru annars vegar verð aðfanga og hins vegar það rekstrarumhverfi sem fyrirtækjum er búið. Sem dæmi um verðhækkunar á aðföngum Freyju má nefna að verð frá innflytjanda á sykri, glúkósa, kakósmjöri, og kakódufti hefur hækkað verulega undanfarið vegna hækkana á heimsmarkaðsverði en sérstaklega þó vegna innlendar verðbólgu. Umbúðir, sem keyptar eru hérlendis, hafa hækkað af svipuðum ástæðum en erlendar umbúðir hafa ekki hækkað frá framleiðanda. Úrvinnslugjöld hafa lagst bæði á pappa- og plastum-

Framhald af bls. 6



Dr. Júlíus B. Kristinsson
Yfirmaður fjármála-
sviðs ORF Líftækni hf.

Uppbyggingar- og þróunarstarf fyrirtækisins gekk vel á síðasta ári? Unnið var að því ljúka

þróun á grunntækni fyrirtækisins og undirbúa framleiðslu og sölu afurða. Þetta verður ár breytinga hjá fyrirtækinu. Viðfangsefnið breytast úr hreinræktuðu tækniþróunarverkefni yfir í viðskiptaþróun. Framleiðsla og sala afurða hefst á árinu og þá reynir á markaðsmálin. Viðurkenning í verki á því að hæfni og samsetning starfsmanna sprotayrirtækjanna, brautryðjendanna skiptir sköpun fyrir framgang þeirra. Þá þarf að skapa brautryðjendunum góð kjör og starfskilyrði til þess að árangur náist í uppbyggingu á hátæknifyrirtækjum.

SI og SSP koma að mestu gagni með því að greina vel hvar skórinn kreppir í starfsemi sprotayrirtækja og hvar möguleikar eru til sóknar og betri árangurs. Greiningin þarf að taka mið af /vera gerð út frá sjónarhóli brautryðjendanna en ekki embættismanna eða aðila sem ekki eru í hringiðu sprotayrirtækjanna á hverjum degi. Á grunni greiningarinnar þarf að móta stefnu og áætlun um aðgerðir til að efla starfsemi sprotayrirtækja ásamt því að fylgja áætluninni eftir, m.a. gagnvart yfirvöldum, opinberum stofnunum og fjármálaaðilum. Einnig þarf að fylgjast með því sem fram fer í starfsemi sprotayrirtækjanna og veita ráðleggingar og aðstoð eftir föngum.

búðir en fyrirtæki þurfa einnig að greiða förgunargjald fyrir sorp. Flutningskostnaður til landsins hefur hækkað mikið en auk hækkunar á beinum flutningskostnaði hafa flutningsaðilar lagt á ýmis gjöld, s.s. „olíugjald“ og „staðsetningargjald gáma“ sem erfitt er að átta sig á hvernig er til komið. Til viðbótar þessu hafa tryggingar hækkað meira en verðlagsþróun gefur tilefni til.

Því er ekki fyllilega réttlátt að þrýsta á innflytjendur, framleiðendur og seljendur neysluvöru að hækka ekki vöruverð. Hagræðing í rekstri hefur verið afar mikil undanfarin ár eins og sjá má meðal annars í því að framleiðendum sælgætis hefur fækkað úr um 20 niður í fjóra, mestmegnis vegna sameiningar. Frekari hagræðing er því langtímaverkefni sem ekki gerist á nokkrum vikum samhliða skattabreytingum.

Árni Stefánsson, framkvæmdastjóri Vífilfells ehf.

Við hjá Vífilfelli teljum að lækkun verðs á drykkjarvörum, sem við framleiðum, muni skila sér mjög hratt til neytenda. Þar er mjög stór hluti niðurfelling vörugjaldsins sem nemur 8 krónum á hvern lítra af gosdrykkjum, ávaxtasöfum, sojajólk og öðrum þeim drykkjum sem við framleiðum og seljum. Hver tveggja lítra flaska af gosdrykk á því að lækka um 16 krónur auk þess sem nemur lækkun á virðisaukaskatti.

Þessu verður að sjálfsögðu skilað að fullu af okkar hálfu og við höfum ekki

heyrð annað en að birgjar og kaupmenn séu mjög heilir í þessu máli. Það sem kemur síðan á móti eru mjög miklar verðhækkningar erlendis frá á ýmsum aðföngum sem hver sem er getur kynnt sér. Í okkar tilvikum er þar helst að telja appelsínusafa sem hækkaði um 40% á árinu 2006 og ekki er fyrirséð hvernig það endar. Sykur hefur hækkað um 24%, plast hefur hækkað um 29% og korn til ölgerðar hefur hækkað frá 30-80% á árinu. Ekki má gleyma launaskriði sem nemur 10% og launahækkun um 3% í byrjun árs.

Nokkuð hefur borið á því að kaupmenn hafi mótmælt hækkunum birgja og kraist þess að birgjar taki til heima hjá sér og hagræði í rekstri. Hjá okkur hefur mikið verið hagrætt í rekstri á síðustu árum og árið í ár byrjar með miklum breytingum í nokkrum deildum sem eiga að leiða af sér töluverða hagræðingu. Þrátt fyrir hagræðingu og verðhækkun sjáum við fram á lækkandi framlegð á næsta ári sem að miklu leyti má rekja til kostnaðarhækkana erlendis frá.

Ekki má gleyma því að mjög mikill árangur hefur náðst varðandi verð á drykkjarvörum síðastliðin ár. Þar ber helst að þakka kaupmönnum sem hafa gert auknar kröfur um að framleiðendur og innflytjendur hagræði í rekstri til að geta boðið lægra vöruverð. Til dæmis kostaði ein tveggja lítra flaska af Coca-Cola 199 krónur út úr þekktri matvöruverslun árið 1992. Nú er hægt að kaupa tveggja lítra Coca-Cola flösku á sama og

jafnvel lægra verði í sumum lágvöruverðsverslunum 14-15 árum síðar. Geri aðrir betur.

Björn Jónsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Myllunnar

Eins og fram hefur komið hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að virðisaukaskattur á matvæli skuli lækka niður í sjö prósent hinn 1. mars næstkomandi. Samfara því verða vörugjöld á matvæli, að undanskildum sykri og sætindum, felld niður. Lækkun skatta og niðurfelling vörugjalda á matvæli mun hafa í för með sér verulega breytingu og felst í henni veruleg kjarabót fyrir heimilin í landinu. Myllan fagnar þessum breytingum enda eru þær löngu tímabærar. Verðlag hér á landi er með því hæsta sem gerist í heiminum og verðbólguþróun undanfarinna missera hefur ekki bætt úr skák.

Brauð er ein mikilvægasta matvæla- tegundin hér á landi og ljóst að lækkun brauðverðs mun hafa áhrif á hag íslenskra heimila. Því er eðlilegt að almenn- ingur vilji vita hversu mikið brauðið lækkar í verði.

Vörugjöld hafa fram til þessa ekki verið lögð á framleiðsluvörur Myllunnar og hráefni til iðnaðarframleiðslu eru undanþegin vörugjaldi. Því mun lækkun vörugjalda ekki hafa áhrif á verð framleiðsluvara Myllunnar. Þar af leiðir að áhrif á verð á brauði og brauðmeti verða einungis vegna lækkunar virðisaukaskatts úr 14% í 7%. Lækkun um sjö prósentustig jafngildir 6,1% lækkun á verði.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Fagleg og lögleg

þjónusta í boði

Löggilt menntun klæðskera og kjólameistara tryggir viðskiptavinum faglega ráðgjöf og þjónustu í hönnun, sérsaum og framleiðslu á hverskyns fatnaði til daglegra nota, samkvæmisfatnaði, brúðarkjólum, herrafatnaði, búningum og fleiru.

Í Klæðskera- og kjólameistarafélaginu er u hátt í eitt hundrað félagar og um tuttugu fyrirtæki og vinnustofur. Merki félagsins er trygging fyrir þeirri aðild.

Samtök iðnaðarins hvetja landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilin réttindi - og þá er að finna á Meistarinn.is



TÍSKU
TEYMI SI



meistarinn
is

www.meistarinn.is

Samningar við Iðuna

Þriðjudaginn 5. desember var skrifað undir viljayfirlýsingu við Bílgreinasambandið og FIT þess efnis að Fræðslumiðstöð bílgreina og IÐAN fræðslusetur sameinuðust. Því verður Bílgreinasvið fimmta svið IÐUNNAR og er það mikið fagnaðarefni.

VM - Félag vélstjóra og máltækningamanna undirritaði samstarfssamning við IÐUNA fræðslusetur hinn 15. desember síðastliðinn. Með samningnum er tryggt að allir félagsmenn VM njóti sömu kjara og aðrir aðilar að IÐUNNI. Einnig var staðfest með samningnum að leita samstarfs við Fjöltækniskóla Íslands um faglegan hluta símenntunar vélstjórnarmenntaðra manna.

Meistarasamband byggingamanna, Múrarafélag Reykjavíkur og Sveinafélag pípuþingamanna hafa sömuleiðis samið um að fela IÐUNNI símenntun félagsmanna sinna.



Helgi Laxdal formaður Félags vélstjóra og máltækningamanna og Sveinn Hannesson framkv.stj. Samtaka iðnaðarins handsala samstarfssamninginn

IÐAN sinnir nú rúmlega 15 þúsund aðildarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum og veitir þjónustu á sviði sí-

menntunar, starfsnáms og námskrágerðar.

Ný lög um gatnagerðargjald



Á síðasta degi haustþings samþykkti Alþingi frumvarp um gatnagerðargjald. Lögin nr. 153/2006 tóku gildi 1. janúar sl. og fela í sér nokkra breytingu á fyrri lögum.

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins sendu inn sameiginlega umsögn um frumvarpið. Þar var því lýst að þau teldu til mikilla bóta að línur gildandi laga væru skýrðar til að ekki þyrfti að leita til dómstóla vegna mismunandi skilnings á lagaverkinu. Einnig var talið mikilvægt að

koma á samræmdum leikreglum við útreikning gjaldsins og á hvaða byggingar heimilt væri að leggja það.

Hins var því mótmælt að í frumvarpinu væri gert ráð fyrir rýmri heimildum sveitarfélaga til að ráðstafa gatnagerðargjaldinu en í 10 gr. frumvarpsins 1. mgr. sagði: „Sveitarstjórn skal verja gatnagerðargjaldi til gatnagerðar í sveitarfélaginu og til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.“

Frumvarpið gerir því ráð fyrir að hægt

sé að stilla álagningu gatnagerðargjalda þannig að það standi ekki eingöngu undir nýframkvæmdum gatna heldur einnig viðhaldi eldri gatna í sveitarfélaginu. Þetta þótti SI ekki ásættanlegt og mótmælti því.

Frumvarpið rann í gegnum þingið nánast óbreytt og er því orðið að lögum með fyrrnefndum ákvæðum í. Lögin í heild er að finna á vefslóðinni www.althingi.is/altext/133/s/0667.html.

Styttist í stórsýninguna Tækni og vit 2007

Undirbúningur að fagsýningunni Tækni og vit 2007 er nú á fullri ferð en sýningin verður haldin í Fífunni í Kópavogi dagana 8.-11. mars. Þar verður megináhersla lögð á tækni- og þekkingariðnaðinn en að sögn Margit Elvu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra sýningarinnar, verður fjölbreytnin engu að síður höfð í fyrirrúmi. „Það er einstaklega gaman að sjá hversu breiður sýnendahópurinn verður. Þar verða að sjálfsögðu fyrirtæki úr tölvugeiranum, bæði hugbúnaðar- og vélbúnaðarfyrirtæki, en auk þeirra verða fjarskiptafyrirtæki, iðntæknifyrirtæki, öryggisfyrirtæki, opinberar stofnanir og ráðuneyti, skólar, fjármálafyrirtæki og fjölmiðlar, svo nokkuð sé nefnt,“ segir Margit. Þegar hafa rúmlega 50 sýnendur verið skráðir en þátttakendur eru orðnir yfir 80 með aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja. Enn eru nokkur laus sýningarsvæði í boði en þeim fækkar hratt þessa dagana eftir því sem nær dregur sýningu.

Góð reynsla af sýningunni Verki og viti 2006

Það eru AP sýningar sem standa að Tækni og viti 2007 en á nýliðnu ári stóð fyrirtækið stóð einnig að sýningunni Verk



Frá vinstri: Elsa Giljan Kristjánsdóttir sýningarstjóri, Kristinn Jón Arnarson, upplýsingafulltrúi, Jóhanna Birgisdóttir markaðsfulltrúi og Margit Elva Einarsdóttir, framkvæmdastj.

og vit 2006. „Sú sýning lagði áherslu á bygginga- og verktakageirann og gekk afar vel. Hana sóttur um 17.000 gestir og sýnendur voru mjög ánægðir með árang-

urinn samkvæmt skoðanakönnun sem við gerðum. Árangurinn sést líka á því að allmargir þátttakendur á sýningunni í fyrra hafa skráð sig á Tækni og vit þó að þessir tveir geirar atvinnulífsins séu til-
tölulega ólíkir,“ segir Margit.

Nýjar vörur kynntar og sambönd treyst

Sýnendur leggja ríka áherslu á fjölbreytni að sögn Margit. „Við vitum til þess að sumir ætli að nota Tækni og vit 2007 til að svipta hulunni af nýjum vörum en aðrir þátttakendur líta á sýninguna sem tækifæri til að kynna nýjum viðskiptavinum þær vörur og þjónustu sem fyrir eru. Svo má ekki gleyma því að fagsýningar eru einnig góður vettvangur til að bæta samband við núverandi viðskiptavini, kynna þeim nýja þjónustu og tengjast þeim betur.“

Kristinn Jón Arnarson

Fagleg og lögleg

þjónusta
í boði

Löggild menntun snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð. Þú finnur snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.



Félag íslenskra
snyrtifræðinga

Evra eða bætt hagstjórn

Í lok desember sl. var birt ný skýrsla sem Hagfræðistofnun HÍ vann fyrir Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög þeirra undir yfirskriftinni Hagstjórnar- umhverfið og sambýli atvinnuveganna. Skýrslan er mikilvægt innlegg í þá miklu umræðu um efnahagsmál sem nú á sér stað og þess ójafnvægis sem enn ríkir í þjóðarbúskapnum. Í skýrslunni kemur fram hörð gagnrýni á stjórn efnahagsmála, bæði á peningamál og ríkis-fjármál en ekki síður kerfisbreytingar, s.s. á Íbúðalánasjóði sem unnið hafi gegn efnahagsmarkmiðum.

Hagstjórnarmistök á framkvæmdatímum

Gífurlegur uppgangur hefur verið í íslensku efnahagslífi síðustu misseri og m.a. má rekja til uppbyggingu stóriðju. Í skýrslunni er bent á að mistök hafi gerð á flestum sviðum hagstjórnar sem studdu ekki við þessar aðstæður í efnahagslífinu.

Niðurstöður skýrslunnar eru m.a. þær að peningamálstefnan hafi borið

þungann af efnahagslegu aðhaldi síðustu misseri. Hins vegar hafi stjórn peningamála verið of lengi að taka við sér þegar ljóst varð að mikið hagvaxtaskeið væri að hefjast. Stýrivextir Seðlabankans hækkuðu of hægt og of lítið í upphafi tímabilsins. Peningastefnan hefur ekki haft nægan stuðning af ríkisfjármunum og vaxandi ríkisútgjöld og lækkun skatthlutfalla hafa ekki dregið úr þenslunni að mati skýrsluhöfundu. Sérstaklega er vikið að þætti sveitarfélaga í efnahagslífinu á það bent að þau leiki þar nánast lausum hala. Hallarekstur þeirra og vaxandi útgjöld ýti undir uppsveifluna og á því þurfi að verða breyting.



Í skýrslunni er bent á að mitt ofan í þessa miklu þenslu hafi stjórnvöld ákveðið að breyta hámarkslánshlutfalli og hámarkslánnum Íbúðalánasjóðs. Þetta leiddi af sér mikla fyrirsjáanlega þenslu á íbúðamarkaði m.a. vegna þess að viðskiptabönkunum var í raun ýtt út í skefjalausa samkeppni á íbúðalánamarkaði. Þessar breytingar ollu því að fasteignaverð hækkaði mjög mikið með þeim afleiðingum að verðbólga jókst langt umfram verðbólgu- markmið. Hækkandi íbúðaverð samhliða lækkandi vöxtum á íbúðalánnum hefur síðan áhrif til aukinnar þenslu.

Evra eða bætt hagstjórn

Tryggvi Þór Herbertsson, fráfarandi forstöðumaður Hagfræðistofnunnar, sagði á fundinum að ef samspil hagstjórnartækja yrði ekki með þeim hætti að hér gæti þrífist eðlilegur hagvöxtur, sem ekki leiddi af sér ofþenslu, neyddumst við til að taka upp evru.

Skýrsluna má finna í heild sinni á www.sa.is
Bjarni Már Gylfason tók saman

Mundell og íslenska krónan

Í umræðu um evruna undanfarnar vikur hefur nokkuð verið vitnað til Roberts A. Mundell, nóbelsverðlaunahafa í hagfræði og prófessors við Columbia háskóla en hann og Assar Lindbeck prófessor í alþjóðahagfræði við Háskólann í Stokkhólmi komu hingað til lands sl. haust til að taka við heiðursdoktorsnafnbót við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Af því tilefni héldu þeir Mundell og Lindbeck opna fyrirlestra.

Fyrirlestur Mundells bar yfirskriftina „Global monetary arrangements in a world of two dominant currencies.“ Þessi ágæta samkoma var skammarlega illa sótt en þeim mun meira hefur verið til hennar vitnað síðan. Þar sló Morgunblaðið strax tóninn með fyrirsögn á baksíðu 26. okt. sl. þar sem þetta var haft eftir Mundell: „Mælir ekki með því að Ísland taki upp evru „Guðfaðir evrunnar“ telur núverandi fyrirkomulag henta vel enn um sinn.“

Í sjálfri fréttinni er haft eftir Mundell:

Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI



„Síðan evran og dollarinn urðu ríkjandi gjaldmiðlar í heiminum hefur mikið ójafnvægi skapast í skráðu gengi gjaldmiðlanna. Þetta ójafnvægi hefur valdið öðrum löndum, sem eiga viðskipti í báðum gjaldmiðlum, eins og Bretlandi og Íslandi, miklum erfiðleikum.“ Síðan segir í fréttinni: „Á meðan þetta ójafnvægi ríkir telur hann ekki ráðlegt fyrir Ísland að taka upp evru.“ Ráðlegging Mundell byggist sem sé á því að viðskipti okkar Íslendinga séu álíka mikil í evrum og dollurum. Ekki veit ég hvaðan hann hefur fengið þær ranghugmyndir.

Boðskapur Mundell er einfaldur og

skiljanlegur öllum sem vilja skilja hann án undanbragða og útsúninga. Hann vill stækka og eða tengja saman myntkerfi heimsins og draga úr skaðlegum gengissveiflum og viðvarandi háum vöxtum smárra myntkerfa. Hann varar við afleiðingum af hörðu peningalegu aðhaldi með vaxtahækkunum. Þessi stefna virkar að vísu að ákveðnu leyti, þ.e. hún nær verðbólgunni niður en gerir það með því að styrkja gengi gjaldmiðilsins. Afleiðingin verður of hátt skráður gjaldmiðill. Þannig enda menn með of hátt skráðan gjaldmiðil. Þegar gjaldmiðillinn leitar aftur jafnvægis er hætt við gjalddeyriskreppu. Kannast menn nokkuð við þetta vandamál á Íslandi?

Það er hins vegar með nokkrum ólíkindum að höfundur kenningarinnar um hagkvæm myntsvæði sé spenntur með þessum hætti fyrir vagn þeirra sem vilja halda í íslensku krónuna hvað sem það kostar.

Kynningarefni félagsmönnum SI að kostnaðarlausu



Ragna Kristensen cand.
merc., markaðsstjóri Triad
Communication á Íslandi

Markviss notkun á faglega unnum kynningarbæklingi með vönduðum texta og fallegri hönnun getur haft afgerandi áhrif á ímynd og stöðu viðkomandi félags eða fyrirtækis á markaði.

Undanfarin misseri hefur ný tegund kynningarbæklinga vakið athygli á Íslandi fyrir að vera vandaðir að öllu leyti en um leið viðkomandi félagi eða fyrirtæki því að kostnaðarlausu. Um er að ræða svonefnda auglýsingafjármagnaða kynningarbæklinga og hafa nokkur fyrirtæki innan SI nú þegar nýtt sér þessa leið með góðum árangri.

SI hafa nú gert formlegan samstarfs-samning við Triad Communication á Íslandi um framleiðslu bæklinga af þessu tagi fyrir aðildarfélög og fyrirtæki þeim að kostnaðarlausu að uppfylltum tiltekn-um skilyrðum. Textagerð, ljósmyndun, hönnun og prentvinnsla er í höndum fagfólks á Íslandi.

TRIAD Communication er stærsti framleiðandi auglýsingafjármagnaðra kynningarbæklinga í Evrópu. Fyrirtækið hóf starfsemi sína árið 1993 og hefur framleitt vandað kynningarefni fyrir fyrirtæki á flestum sviðum atvinnulífsins – allt frá litlum fyrirtækjum til opinberra stofnana og alþjóðlegra stórfyrirtækja. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, m.a. á Íslandi, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi, Austurríki og á Spáni.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins, netfang brynjar@si.is, sími 591 0100.ww



Samkeppni gullsmiða um skírnargjöf 2007

Kærleikur bar sigur úr býtum

Félag íslenskra gullsmiða og Samtök iðnaðarins efndu á síðasta ári til samkeppni meðal gullsmiða og gullsmiðanema um hönnun og smíði skírnargjafar og/eða gjafar í tilefni nafngiftar.

Áhersla var lögð á að gripurinn félli vel að þemanu um skírn eða nafngift og að hann hentaði vel til fjöldaframleiðslu. Hugmyndir að markaðssetningu vógu þungt á vogarskálunum og voru þátttakendur beðnir að gera tillögur þar að lútandi.

Matsatriði dómnefndar voru:

- Að gripurinn væri hæfur til fjölda framleiðslu og uppfyllti sem best skilyrðium markaðssjónarmiði
- Að gripurinn væri nýnæmi á markaði
- Að um góða framsetningu á grip væri að ræða ásamt hugmynd að framleiðslu og markaðssetningu
- Að hugmyndavinnan væri góð, þ.e. tengsl við hugtakið „skírnar gjöf“ eða „nafngift“

e) Að verð gripsins yrði viðráðanlegt
Að mati dómnefndar uppfyllti gripurinn „Kærleikur“ öll skilyrði og hlaut 1. verðlaun í samkeppninni. Hönnun og smíði gripsins var í höndum Sólborgar S. Sigurðardóttur og Svövu Bjarkar Jónsdóttur hjá Gulli og Silfri ehf.

Sérstaka viðurkenningu dómnefndar hlaut gripurinn „Verndarengill“ en hönnun og smíði hans var í höndum Guðrúnar Bjarnadóttur, gullsmiðs hjá Gullsmiðjunni í Hafnarfirði.

Dómnefnd var skipuð þeim Ásu Gunnlaugsdóttur gullsmið, Rósu Helgadóttur, hönnuði og Maríu Hallbjörnsdóttur, gjaldkera SI.

Nánari upplýsingar um samkeppnina veitir Halla Bogadóttir, formaður FÍG, í síma 862 4706, netfang hallaboga@simnet.is.

Markviss nýting þekkingarverðmæta

Markviss nýting þekkingarverðmæta er meginmarkmið norræna verkefnisins PIP eða Putting IC into practice sem nú er nýlökíð.

Lokaskýrsla PIP er leiðarvísir sem lýsir á einfaldan hátt fyrstu skrefunum við að meta, mæla, skrá og stjórna þekkingu sem óáþreifanlegum eignum í fyrirtækjum. Bókin byggist á reynslu á þriðja tug norrænna UT fyrirtækja af því að vinna skipulega með þekkingarverðmæti og gera þau sýnileg jafnt innan þeirra sem utan. Þátttakendur eru sammála um að þátttaka í verkefninu hafi skilað þeim áþreifanlegum árangri í aukinni arðsemi í innra starfi, bættri ímynd og viðskiptakjörum. Ávinningur PIP-fyrirtækjanna af þátttöku er leiðarljós öðrum fyrirtækjum sem hyggjast feta sömu braut, vilja gera þekkingarverðmæti sín sýnileg, vinna markvisst með þau í stefnumótun og áætlanagerð til hagsbóta.


Að mæla og stjórna þekkingu

Í PIP leiðarvísinum er því lýst hvernig hægt er á einfaldan hátt að meta óefnisleg verðmæti sem fólgin eru mannaauði, skipulagsauði og viðskiptaauði og setja þau fram í þekkingarskýrslu líkt og efnahagur er skráður í ársreikninga á grundvelli samræmdra mælikvarða og vísbendinga. Þar er að finna lista yfir valdar vísbendingar og forsendur þeirra. Þá er fjallað um mikilvægi þekkingarverðmæta og ráðleggingar um hvernig hægt sé að nota þau markvisst við stefnumótun, gerð stefnukorta og innleiðingu viðurkenndra verkfæra við stjórnun fyrirtækja.

Í PIP er leitast við að benda á leiðir til þekking nýtist markvisst sem eðlilegur hluti af daglegri starfsemi.

Þekking er afrakstur mannauðs, núverandi og fyrrverandi starfsmanna, auk ómetanlegar þekkingar hjá viðskiptavinum, birgjum og fjárfestum. Til að nýta þessa þekkingu sem best þarf kortleggja tengslanetið til að fáist góð yfirsýn yfir hvernig samskiptum við hagsmunaaðila er háttað.

Nýsköpun og þróun eru forsenda vaxtar og arðsemi og því er mikilvægt að þekking sé vistuð á aðgengilegan hátt með aðgengilegum ferlum. Boðleiðir þurfa að vera skýrar þannig að öllum starfsmön-



um séu ljós stefnumörk hverju sinni og að þeir geti tekið þátt í að skapa virðisauka á sameiginlegum forsendum. Forsenda þess að vel takist til er að vel sé staðið að upplýsingamiðlun, aðbúnaði þjálfun og starfþróun.

Í PIP er þekkingarstjórnun ekki skilgreind sem stök kerfi heldur sem umsýsla þekkingarverðmæta með það markmið að fanga, skrá og miðla þekkingu til virðisauka með því að gera hana aðgengilega. Til þess að þekkingarstjórnun skili árangri þarf hún að taka mið af markmiðum og stefnu fyrirtækis og því er mikilvægt að fyrirtæki setji sér, á grundvelli hlutverks og stefnu, skýra framtíðarsýn og markmið í tengslum við þá þætti sem þekkingarstjórnun er ætlað að taka til.

Þekkingarskýrslan

Sífelld fleiri fyrirtæki byggja tilveru sína og arðsemi alfarið á grundvelli þekkingar. Þekking er hornsteininn í rekstri þeirra og hún er auðlind sem getur framleitt eftirsóknarverðar afurðir í réttu umhverfi. Framtíðarvirðisauki byggist á þeim þekkingarverðmætum sem eru til staðar í fyrirtækinu og því hvernig unnið er með þau. Engu að síður er þekkingarverðmætum gerð takmörkuð skil í hefðbundnum ársreikningum. Með PIP er stigið skref til að auðvelda fyrirtækjum að gera sýnileg þekkingarverðmæti sem fólgin eru í nýsköpun, vörum, tengslaneti, hæfni og færni fólks og ferla til að takast á við flóknar markaðsaðstæður og skila hagnaði.

PIP leiðarvísinn er að finna á slóðinni www.nordicinnovation.net/prosjekt.cfm?Id=1-4415-197 endurgjaldslaust.



Ásta Þorleifsdóttir
Verkefnastjóri PIP

Ný efnalöggjöf samþykkt í Evrópuþinginu

Evrópuþingið hefur samþykkt nýja efnalöggjöf sem gengur undir nafninu REACH (Registration, Evaluation and Authorisation of CHemicals). Talsverður styr hefur staðið um þessa umfangsmestu löggjöf sambandsins enda mun áhrifa hennar gæta víða í atvinnulífinu. Aukin krafa er um upplýsingagjöf bæði frá framleiðendum og innflytjendum varðandi hættueiginleika efna. Notendur efna í iðnaði eiga á móti að veita upplýsingar um notkunarsvið. Vonir standa til að REACH sé skilvirkari og skapi meiri jöfnuð á markaði en núgildandi löggjöf enda mun hún leysa af hólmi um 40 eldri tilskipanir.

Mikilvægt að forskrá efni

Á næstu árum verða efni á markaði skráð með skipulegum hætti. Allir þeir, sem framleiða efni, eða flytja inn efni utan Evrópusambandsins, eiga að skrá þau á tilsettum tíma. Reglugerðin tekur gildi 1. júní 2007 og forskráningar skulu berast 18 mánuðum síðar eða í seinasta lagi 30. nóvember 2008 fyrir efni sem eru flutt inn eða framleidd í meira magni en eitt tonn á ári hjá hverjum framleiðenda/innflytjenda. Skráningar taka svo við í skrefum næstu árin.

Ef fleiri en einn aðili forskrá sama efni er unnið sameiginlega að skráningu en mikilvægt er að koma strax inn í slíka samvinnu og forskrá efni á tilsettum tíma. Brýnt er að framleiðendur og innflytjendur kanni hvaða efni eru í því magni sem um ræðir. Þetta á við hvort sem efnin eru flutt inn hrein eða í efna-blöndum og hvort sem þau eru ætluð til almennrar sölu eða eru hráefni til framleiðslu.

Undirbúningur fyrirtækja

Framleiðendur, innflytjendur og notendur efna geta hafið undirbúning fyrir gildistöku REACH nú þegar. Fyrsta skrefið er að kanna stöðu fyrirtækisins gangvart REACH. Gerðar eru kröfur til framleiðenda, innflytjenda, dreifingaraðila og notenda neðar í framleiðslukeðju. Sama fyrirtæki getur haft mismunandi hlutverk vegna ólíkra efna.

Annað skrefið er að meta hvernig REACH hefur áhrif á fyrirtækið með því að skoða hvaða vörur og efna-blöndur eru framleiddar eða fluttar inn, hvaða efni



eru í þeim og magn þeirra ársgrundvelli. Þá kemur í ljós hvort skrá þurfi efni eða sækja um leyfi. Notendur efna geta kannað hvort birgjar eru að vinna að skráningu samkvæmt REACH og þekki notkunarsvið fyrirtækisins. Ætla má að einhver efni verði ekki skráð og hverfi af markaði.

Aukin ábyrgð iðnaðar

Meginbreytingin með REACH er að sönnunarbyrði um öryggi á markaði er snúið við, frá yfirvöldum og til framleiðenda. Mikilvægt er að innflytjendur efna frá löndum utan EB bera sömu skyldur og efnaframleiðendur. Önnur breyting er að þeir sem nota efni í atvinnuskyni eiga að upplýsa birgja og framleiðendur um notkunarsvið. Dreifingaraðilar eiga síðan að tryggja að öryggisblöð og önnur tilskilin göwgng fylgi með efnum og efnavörum.

Haldinn verður kynningarfundur um REACH í húsi atvinnulífsins 21. febrúar nk.



Föstudaginn 26. janúar á Grand Hótel Reykjavík:

ÚTBOÐSPING 2007

Verklegar framkvæmdir í mannvirkjagerð og byggingariðnaði

Árlegt ÚTBOÐSPING um verklegar framkvæmdir verður haldið föstudaginn 26. janúar frá kl. 13:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Á þinginu verður gefið yfirlit yfir öll helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum. Þar gefst verktökum og öðrum einstakt tækifæri til að skyggast inn í verkefnaframboð ársins.

Fundarstjóri:

Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri
Samtaka iðnaðarins

Nánari upplýsingar um Útboðsþing 2007 veita Samtök iðnaðarins í síma 591 0100, netfang eyjolfur@si.is

13:00 Setning

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI

Reykjavíkurborg

Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri Framkvæmdasviðs

Framkvæmdasýsla ríkisins

Óskar Valdimarsson, forstjóri FRS

Siglingastofnun

Sigurður Áss Grétarsson, forst.m. hafnasviðs

Landsvirkjun

Björn Stefánsson, deildarstj. virkjanadeildar

Kópavogsbær

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri

15:15 Kaffihlé

15:45 Hafnarfjarðarbær

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri

Landsnet

Árni Stefánsson, tækni- og eignastjóri

Orkuveita Reykjavíkur

Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri tæknimála

Vegagerðin

Rögnvaldur Gunnarsson, forst.m. framkv.deildar

17:15 Fundarlok

Kaffi og léttar veitingar fyrir gesti að loknu þingi



Samtök iðnaðarins



Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

Í samvinnu við:

